

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 327/1995.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að hluta fyrir sjúkratryggðan, lyf í eftirtöldum lyfja-flokkum, sem honum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri, enda skulu lyfin auðkennd með „B“ í lyfjaskrá:

	ATC-flokkur
a. Lyf gegn þarmabólgu	A 07 E
b. Vítamín D og skyld lyf	A 11 CC
c. Hjartasjúkdómalyf	C 01
d. Lyf með verkun á renínangíótensín-kerfið	C 02 E
e. Beta-blokkarar	C 07
f. Kalsíumblokkarar	C 08
g. Psoriasislyf	D 05
h. Barksterar	D 07
i. Barksterar, óblönduð lyf	H 02 A
j. Lyf við vanstarfsemi skjaldkirtils	H 03 A
k. Lyf við ofstarfsemi skjaldkirtils	H 03 B
l. Sérhæfð bólgueyðandi lyf	M 01 C
m. Sterk geðlyf (neuroleptica)	N 05 A
n. Geðdeyfðarlyf (antidepressiva)	N 06 A
o. Oxýklórókín	P01BA 02
p. Astmalyf	R 03

Greiðslutilhögun þessara lyfja skal vera sem hér segir:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 600 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 600 kr. greiðir sjúkratryggður 16%, en þó aldrei meira en 1.500 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 200 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 200 kr. skulu þeir greiða 8%, en þó aldrei meira en 400 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði lyfja, sem auðkennd eru með „E“ í lyfjaskrá með eftirfarandi hætti:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 600 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 600 kr. greiðir sjúkratryggður 30%, en þó aldrei meira en 3.000 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 200 kr. fyrir hverja lyfjaávísun. Af smásöluverði lyfsins umfram 200 kr. skulu þeir greiða 12,5%, en þó aldrei meira en 800 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. febrúar 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um (10.) breytingu á reglugerð um sölu og meðferð
ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

1. gr.

Eftirfarandi efnum skal bætt við lista í fylgiskjali I með reglugerðinni eftir stafrófsröð:

Efni INN-nafn (latneskt)	Alþjóða- samningar	Inn-/útl.leyfis krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Aminorex	P IV			
Brotizolam	P IV			
Etryptamine	P I			
Mesocarb	P IV			
Methcathinone	P I			
Zipeprol	P II			

2. gr.

Efnið *Flunitrazepam* flokkast sem *P III* í stað *P IV*.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. janúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.